

Áveitan

5. tbl. 7. árgangur. Maí 2013

Leikjanámskeið ungmennafélaganna

Ákveðið hefur verið að halda leikjanámskeið í byrjun júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið er fyrir alla krakka 6-12 ára. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Íþróttæfingar

Seinasta æfingin í Þingborg í vetur verður næstkomandi þriðjudagskvöld (7. maí) Þá verður veturinn gerður upp og veitt verðlaun fyrir bestu mætingu, árangur og fleira. Þriðjudaginn þar á eftir (14. maí) færast æfingarnar fyrir 11 ára og eldri út og verða haldnar á íþróttavellinum við Þjórsárver á sama tíma (þriðjudagar kl. 18:30-20:00). Þannig verður skipulag æfinganna út maí en um mánaðarmótin maí/júní verður auglýstur nýr sumartími á æfingunum. Vonandi mælast útiæfingarnar jafn vel fyrir og inniæfingarnar hafa verið að gera í vetur.

Munum að mæta á útiæfingarnar klædd eftir veðri og við hvetjum foreldra til þess að sameina í bíla ☺

Þjálfari



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegair@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Gleðilegt sumar kærur Áveitulesendur

Nú er tími ársuppgjóra hjá sveitarfélögum og það er ánægjulegt að segja frá því að ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2012 hefur verið afgreiddur.

Ársreikningurinn var samþykktur 3. apríl s.l. að loknum tveimur umræðum og var rekstarniðurstaða jákvæð um 54,4 milljónir króna.

Rekstur sveitarfélagsins skiptist í A og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum eða Aðalsjóður og Eignasjóður.

Til B hluta teljast fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins sem ætlað er að vera fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum.

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi Flóahrepps eru vatnsveita og leiguíbúðir. Í samanlögðum A og B hluta eru niðurstöðutölur eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrartekjur	484.681
Rekstargjöld	429.376
Fjármagnsgjöld	869
Rekstrarniðurstaða	54.437
Eigið fé	498.822
Skuldir	130.317
Eignir	629.139

Ársreikninginn í heild sinni má nálgast á heimasíðu Flóahrepps.

Niðurstöður skoðanakönnunar

Skoðanakönnun um framtíðarstaðsetningu leikskólans Krakkaborgar fór fram samhliða kosningum til Alþingis laugardaginn 27. apríl s.l.

Íbúafundur var haldinn í aðdraganda skoðanakönnunar 18. apríl s.l. Fundurinn var vel sóttur og margir sem tóku til máls og tjáðu sig um málið.

Niðurstaða skoðanakönnunar var sú að 204 kjósendur eða 60% vildu að framtíðarstaðsetning verði í Þingborg og 127 kjósendur eða 37% að framtíðarstaðsetning verði í Flóaskóla.

Á kjörskrá voru 457 manns og 339 tóku þátt í skoðanakönnuninni eða 74% kjósenda. 7 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

Heillaóskir til fermingarbarna

Fermingarbörnum ársins eru sendar hamingjuóskir með þennan merka áfanga og megi ykkur vegna vel í framtíðinni.

Hundahald í Flóahreppi

Samkvæmt samþykktum um hundahald í Flóahreppi er það háð eftirfarandi skilyrðum:

a) Eigandi hunds skal láta skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins og fá þar afhenta plötu sem alltaf skal vera um háls hundsins. Fyrir þetta skal hann greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

b) Eigandi hunds skal ábyrgðartryggja sig hjá viðurkenndu tryggingafélagi fyrir hugsanlegu tjóni sem hundur hans getur valdið. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu þess að tryggingin sé í fullu gildi.

c) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd.

d) Eiganda eða umráðamanni hunds ber að öðru leyti að fara að lögum og reglum er hundahald varða, s.s. reglum um árlega hreinsun hunda í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu á því að hundur hafi verið hreinsaður. Ef það bregst getur sveitarstjórn látið hreinsa hundinn á kostnað eigandans.

e) Eigandi eða umráðamaður hunds ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa hreppsins og sé hvorki þeim né þeim sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.

f) Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

Frá hundafangara Flóahrepps:

Við erum ábyrgir hundaeigendur

- Við sýnum ábyrgðarkennd í hundahaldi. Við virðum lög og reglugerðir og það að aðrir kunna að hafa aðrar skoðanir á hundum en við.
- Við höfum ætíð gát á hundinum þegar við erum með hann utan dyra, jafnvel þó það sé á þeim stöðum sem leift er að hafa hunda frjálssa. Við tökum ekki ólína af honum fyrr en við erum komin þaðan sem umferð er.
- Við tökum alltaf með okkur plastpoka þegar við erum með hundinn úti við. Létti hann á sér þar sem fólk fer um, stingum við hendinni inn í pokann einsog hanska, grípum um skítinn, snúum pokanum við, hnýtum fyrir og setjum pokann með innihaldinu í næstu ruslatunnu.

- Við höfum hundinn alltaf í bandi á gönguleiðum þar sem margt fólk er á ferli.
- Við gætum þess að láta hundinn ekki gelta, til óþæginda fyrir aðra.
- Við látum ekki hundinn ganga lausan í námunda við barnaleikvelli.
- Ef óhapp verður og hundurinn veldur tjóni á plöntum þrátt fyrir aðgæslu okkar, tilkynnum það strax og bjóðumst til að greiða skaðabætur.
- Við forðumst alltaf að láta reiðina ná tókum á okkur ef við lendum í stælum í nærveru hundsins.
- Við gætum þess að hundurinn“ heilsa ekki upp á“ fólk sem kærir sig ekki um slíkt.
- Við gætum þess að hundurinn sé með ól um hálsinn með nafni eiganda, heimilisfangi og símanúmeri.

Ragnar Sigurjónsson hundaeigandi

Tjaldsvæðið við Þjórsárver

Auglýst er eftir áhugasömum aðila til að hafa eftirlit með tjaldsvæðinu við Þjórsárver frá 1. júní - 20. ágúst 2013. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 480-4370. Umsóknir skal senda á netfangið floahreppur@floahreppur.is Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k.

Hreinsunaráttak

Dagana 21. - 27. maí n.k. mun Flóahreppur standa fyrir hreinsunaráttaki í sveitarfélaginu. Gámar fyrir járn og grófan úrgang verða staðsettir við Félagslund og Heiðargerði og hægt er að semja um að fá járnagám heim að bæ ef um er að ræða mikið magn af brotajárni.

Sérstök söfnun verður einnig á rafgeymum og spilliefnum 28. maí. Íbúar eru beðnir um að láta vita á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 ef óskað er eftir þessari þjónustu.

Frá Hraungerðiskirkju

Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju, á annan í hvítasunnu, 20. maí, kl.11.00 Fermd verða:

Arngrímur Magnússon, Hvítholti, Flóahreppi
Þórunn Ösp Jónasdóttir Kirkjuvegi 29, Selfossi

Barnamessa verður í Hraungerðiskirkju laugardaginn 1. júní kl. 12.30, í tengslum við Fjör í Flóa. Endilega mætum nú með börnin okkar og eigum góða og uppbyggilega stund í okkar fallegu kirkju.

Dómaranámskeið

Dómaranámskeið í frjálsum íþróttum fer fram dagana 10. og 11. maí næstkomandi. Kennt verður í Tíbrá á Selfossi og námskeiðið veitir héraðsdómararéttindi. Námskeiðið er frá kl. 17:00 til 21:00 á föstudeginum og 13:00-17:00 á laugardeginum. Þeir sem hafa áhuga á að starfa við frjálsíþróttakeppnina á landsmótinu á Selfossi í sumar eru sérstaklega hvattir til að mæta á þetta skemmtilega námskeið. Skráning er á staðnum.

Æskulýðs og tómstundanefnd Flóahrepps óskar eftir tilnefningum til íþróttamanns ársins í Flóahreppi 2012. Tilnefndir þurfa að hafa lögheimili í Flóahreppi og hafa skarað fram í íþróttum á árinu 2012. Ábendingar skulu sendar fyrir 15. maí á netfangið sirry@tjarnir.is eða í síma 696-1752 Ranna.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Málverk eftir Eyjólf Eyfells óskast á sýningu!

Á Fjöri í Flóa snemma í júní stendur til að hafa sýningu á málverkum eftir Eyjólf Eyfells listmálara. Meðal þess sem sýnt verður eru gömul leiktjöld eftir Eyjólf sem til eru í Félagslundu. Einnig viljum við leita til sveitunga sem kunna að eiga verk eftir hann og eru tilbúnir að lána þau á sýninguna.

Vinsamlega látið Margréti á Syðra-Velli vita í síma 486 3377, gsm. 846 9287 eða á netfangið velli@emax.is.

Ljósmyndir úr starfi kvenfélagsins!

Á Fjöri í Flóa ætlar kvenfélagið að hafa slidesýningu á myndum úr starfi félagsins. Óskar félagið því eftir myndum úr förum félagskvenna og annarra sem kunna að eiga myndir úr starfinu og þeim verði komið til Margrétar á Syðra-Velli, eigi síðar en **27. maí**.

Stjórnin.

Frá Flóaskóla

- Lesendur Áveitunnar hafa því miður þurft að bíða eftir fréttum frá Flóaskóla frá því í janúar. Á þeim tíma hefur kennsla verið í fullum gangi samkvæmt aðalnámskrá í öllum greinum í 1.-10. bekk með tilheyrandi fjölbreytileika og skemmtilegheitum. Engu að síður eru ýmis tækifæri notuð til að brjóta upp kennslu samkvæmt stundatöflu og til að gera langa sögu stutta geta lesendur séð hér brot af þeim viðburðum sem fram hafa farið frá síðasta fréttapiltli í Áveitunni og munu verða á þeim stutta tíma sem eftir lifir af skólaárinu:
23. jan. Ljósmyndari kom í skólann og tók einstaklings- og bekkjarmyndir af öllum í skólanum.
25. jan. Þorablót var haldið í Þjórsárveri fyrir 1.-10. bekk þar sem allir borðuðu saman, af mismiklum áhuga þó.
30. jan. 100 daga hátíð í 1.-2. bekk í tilefni þess að þá voru 100 dagar liðnir frá skólasetningu í haust.
30. jan. 9.-10. bekkur tók þátt í verkefninu „Fáðu já“ sem fram fór á landsvísu og snérist um kynheilbrigði.
11. feb. Nemendur í 1.-10. bekk fengu rjómabollur inn í kennslustofur í tilefni af bolludeginum.
12. feb. Sprengidagur: Saltkjöt og baunir, tókall.
12. feb. Royal kvöld hjá 8.-10. bekk þar sem „konungleg“ skemmtun fór fram í Þjórsárveri.
13. feb. Öskudagur hjá 1.-7. bekk: Allir nemendur og starfsmenn mætti í öskudagsbúningum og slógu köttinn úr tunnunni. Tunnukóngar og tunnudrottningar voru krýnd á hverju aldurstigi fyrir sig.
26. feb. 1.-2. bekkur fór í heimsókn á tvo bóndabæi og lauk þar með þemavinnu um húsdýrin.
1. mars Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk fór fram í Flóaskóla þar sem sigurvegarar voru valdir til áframhaldandi keppni á Suðurlandi.
1. mars Bingó á vegum 10. bekkjar í Þjórsárveri.
7. mars Þorgrímur Þráinsson heimsótti 10. bekk og ræddi um mikilvægi þess að láta drauma sína rætast.
11. mars Stóra upplestrarkeppnin á Suðurlandi fór fram í Aratungu þar sem fulltrúar skólans náðu frábærum árangri. Agnes Björg Birgisdóttir náði 1. sætinu og Alexander Ó. B. Kristjánsson hafnaði 3. sæti.
13. mars Svellkaldir nemendur og starfsmenn Flóaskóla skelltu sér á skauta í Skautahöllinni í Reykjavík.
13. mars 8.-10. bekkur tók þátt í Skólahreystikeppni í Smáranum í Kópavogi. Þar vann Ægir Atlason í 9. bekk upphíngakeppnina fyrir framan 2000 manns og sjónvarpsmyndavélar, þrátt fyrir að vera með gifs frá tám og upp að hné á öðrum fætinum.

13. mars Flóaskóli stofnar síðu á Facebook þar sem myndum og upplýsingum er reglulega miðlað til „vina“ síðunnar.

15. mars 10. bekkur fór í skólakynningu í FSU.

15. mars Árhátíð hjá 1.-7. bekk þar sem þemað var Laddi.

19. mars Foreldrafélagið bauð 1.-4. bekk upp á leikritið um Búkollu í Þjórsárveri.

19. mars Foreldrafélagið bauð 5.-10. bekk upp á leikritið Völuspá í Þjórsárveri.

22. mars Árhátíð hjá 8.-10. bekk þar sem nemendur buðu upp á góðan mat og skemmtiatriði.

4. apríl Smásaga lesin fyrir alla nemendur í grunnskólum Íslands kl. 9:10-9:30.

9. apríl 8.-9. bekkur fór í útsýnisferð um Suðurland með dönskum nemendum sem komu í heimsókn.

10. apríl Danir í heimsókn í Flóaskóla

11., 18. og 23. apríl Aukaval í 8.-10. bekk: Snyrtifræði, efnafræðitilraunir og bifvélaverkstæði.

19. apríl Nemendur úr 9.-10. bekk sýndu yngri nemendum Þjóðleik í Þjórsárveri. Daginn eftir tók hópurinn þátt í leiklistarhátíð á Stokkseyri.

24. apríl Allir nemendur skólans unnu með klípusögur úr skólabílnum sem kennarar höfðu samið.

2-8. maí Vorskólavika 5 ára barna: Verðandi 1. bekkingar koma í Flóaskóla og prófa allar kennslugreinir sem boðið er upp á í skólanum, þar á meðal sund á Laugalandi í Holtum.

10. maí 10. bekkingar fara í starfskynningar á vinnustaði að eigin vali.

27.-29. maí Skólaferðir: 6-7. bekkur fer í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði, 8.-9. bekkur heimsækir vini sína í Danmörku og 10. bekkur fer í útskriftarferð í Skagafjörð. Úti og grenndarnám hjá 1.-5. bekk.

31. maí Skólaslit og útskriftarhátíð hjá 10. bekk.

Hér fyrir utan eru svo allar þær fjölmörgu skemmtanir og ferðir sem haldnar hafa verið á vegum félagsmiðstöðvarinnar auk bekkjarkvölda og annarra viðburða sem kennarar skólans hafa staðið fyrir að sínu frumkvæði. Tíminn hefur því flogið áfram í Flóaskóla og því bregður mörgum í brún á þessum tímamarki að sjá hversu lítið er eftir af skólaárinu 2012-2013. Undirbúningur fyrir næsta skólaár er þegar hafinn meðal stjórnenda og kennara skólans en fréttir af því bíða betri tíma.

Virðingarfyllst og með bestu kveðjum,
Guðmundur Freyr Sveinsson,

Víðavangshlaup Umf Vöku 2013 – Úrslit

Víðavangshlaup Umf Vöku var að venju haldið á bökkum Þjórsár á sumardaginn fyrsta. Að þessu sinni voru það mæðgin sem stóðu uppi sem sigurvegarar í karla- og kvennaflokki og óskum við þeim Arnari Einarssyni og Lilju Böðvarsdóttur til hamingju með árangurinn. Það er óhætt að segja að Víðavangshlaup Umf. Vöku henti henti ungum sem öldnum en í ár var aldursmunur á elsta og yngsta keppenda 80 ár. Hér fyrir neðan má sjá úrslit hlaupsins.

Nr	Nafn	Fæðingarár	Árangur
1	Arnar Einarsson	1996	5:09
2	Reynir Bjarkason	1979	5:11
3	Þorgils Kári Sigurðsson	1998	5:15
4	Eyþór Jónsson	1983	5:33
5	Örvar Rafn Hlíðdal	1984	5:35
6	Jón Þór Pálsson	1997	5:51
7	Dagur Fannar Einarsson	2002	6:14
8	Jóann Páll Smáráson	1997	6:51
9	Sæþór Atlason	2004	7:08
10	Daði Kolviður Einarsson	2005	7:41
11	Sigurjón Reynisson	2005	7:50
12	Lilja Böðvarsdóttir	1967	8:41
13	Unnsteinn Reynisson	2003	9:06
14	Victor Örn Victorsson	2003	9:30
15	Víðar Hrafn Victorsson	2006	9:31
16	Kolbrún Katla Jónsdóttir	2001	9:37
17	Sigrún Hrefna Arnardóttir	1974	9:39
18	Hjalti Geir Jónsson	2006	9:47
19	Marta Brynjólfsdóttir	2003	9:55
20	Kristín Stefánsdóttir	1948	10:06
21	Soffía Náttól Andradóttir	2006	10:19
22	Hulda Kristjánsdóttir	1984	10:20
23	Bjarki Freyr Guðmundsson	2006	10:27
24	Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir	2006	10:33
25	Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	1977	10:42
26	Sigurbjörg Eva Sveinbjörnsdóttir	2001	10:50
27	Bryndís Ólafsdóttir	1970	11:16
28	Jón Valgeir Geirsson	1975	11:51
29	Erlingur Snær Loftsson	1991	12:27

30	Helgi Reynisson	2008	12:32
31	Faney Ólafsdóttir	1980	12:33
32	Pétur Þór Brynjólfsson	2002	12:34
33	Heinz Jóhann Brynjólfsson	2004	12:57
34	Arnór Leví Sigmarsson	2007	13:00
35	Sigmar Örn Aðalsteinsson	1983	13:01
36	Hjörleifur Máni Rúnarsson	2008	13:01
37	Rúnar Magnússon	1978	13:01
38	Logi Viðarsson	2002	13:09
39	Viðar Ófeigsson	1958	13:10
40	Kjartan Sveinn Guðmundsson	2002	13:17
41	Guðmundur Freyr Sveinsson	1977	13:18
42	Kristín Tómasdóttir	1954	13:57
43	Laufey Árnadóttir	2006	14:44
44	Ólöf Vala Heimisdóttir	2006	14:56
45	Þóra Björk Sigurðardóttir	2007	14:57
46	Unnur Bjarkadóttir	1986	14:57
47	Valgerður Gestsdóttir	1957	14:57
48	Aldís Tanja Söndrudóttir	2005	15:44
49	Aðalsteinn Sveinsson	1959	15:45
50	Hlín Magnúsdóttir	1992	16:00
51	Eiríkur Arnason	2002	16:15
52	Erna Jóhannesdóttir	1983	16:23
53	Eyrún Sif Elíasdóttir	2007	16:24
54	Sólveig Þórðardóttir	1967	16:25
55	Silja Lind Jónsdóttir	2007	17:25
56	Hlynur Helgi Jónsson	2009	18:36
57	Jón Örn Albertsson	1981	18:40
58	Kristófer Máni Andrason	2010	18:53
59	Anna Fía Ólafsdóttir	1966	18:55
60	Bjarki Rafn Reynisson	2010	20:12
61	Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	1985	20:13
62	Heimir Rafn Bjarkason	1982	20:14
63	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	2010	20:42
64	Sandra Dís Sigurðardóttir	1986	20:43
65	Sveinn Þórarinsson	1931	20:44
66	Kolbrún Sunna Ágústsdóttir	2011	21:10
67	Ágúst Leósson	1984	21:10
68	Tinna Hlynisdóttir	1987	21:43
69	Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	1960	21:44

Tækjalisti Búnaðarféлага Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps

Tæki í umsjá Gísla á Stóru- Reykjum	Verð kr.	Tæki í umsjá Kristjáns í Forsæti	Verð kr.
Pinnatætari	3150 ha	Hagasláttuvél	2150 á klst
Diskaherfi	2650 ha	Sturtuvagn	5250 á dag
Plógur 4skeri	2650 ha		
Plógur 5 skeri	3500 ha	Steypuhrærivél	200,- pr poka en hámark 6000,- á dag
Valtari	2100 ha	Flaghefill	500 á klst
Sáðvél	2650 ha	Málingarsprauta	500 á klst
Grjótrakstrarvél	2000 ha	Topplykklassett	Frítt
Hnífaherfi	1600 ha		
Skeljasandsdreifari	850-pr tonn	Tæki í umsjá Reynis á Hurðarbaki	Verð kr.
Hnífataetari	3500 ha	Sáðvél	2650 ha
Úðadæla	1600 ha	Pinnatætari	3150 ha
Snitttæki	Frítt	Plógur 5 skera	3500 ha
Flaghefill á grind	Frítt	Valtari	2100 ha
Grjóttínsluvél	3500 ha	Staurabor	500 klst
Flaghefill	1000 á dag	Þvottatæki	1500 á dag
Málningarsprauta	3000 á dag	Tæki í umsjá Bjarna í Gróf	Verð kr.
Tækjum skal skilað hreinum og ný smurðum til umsjónarmanna.		Hnífataetari	1900 klst
		Plógur 4 skeri	2650 ha
		Fjaðraherfi	1600 ha
		Haugsuga	1900 klst
		Haughræra	2100 klst
Umsjónarmenn	Sími	Tæki í umsjá Grétars í Smjördölum	Verð kr.
Gíslí á Stóru-Reykjum	899-4017		
Kristján í Forsæti	862-7532	Taðdreifari	8400 á dag
Bjarni í Gróf	846-3411	Grjótrakstrarvél	3500 á ha
Reynir á Hurðabaki	898-0929	Þessi tæki eiga Hraungerðis og Sandvíkurhreppur saman	
Grétar í Smjördölum	858-7736		

Árgjöld í Hrossaræktardeild Gaulverjabæjarhrepps

Ákveðið var á aðalfundi félagsins að allir sem áhuga hafa á að vera félagsmenn í Hrossaræktarfélagi Gaulverjabæjarhrepps skulu greiða árgjald 1.500 kr. á ári.

Félagsmenn fá afslátt af girðingargjaldi í félagsgirðingunni og uppákomum hjá félaginu.

Hvetjum gamla félagsmenn til að greiða árgjaldið og tökum vel á móti nýjum félögum.

Milliæra þarf inn á reikning félagsins sem er banki: 325 hb. 26 reikn. 882479 kennit. 520592-2299. Fyrir 1. júní 2013.

Stjórnin.

Þingborgarmótið

fór fram 1. maí sl. Aðeins Baldur og Vaka mættu með lið til keppni að þessu sinni en mótið fór vel fram og allir höfðu gaman af. Einstök úrslit munu birtast í næstu Áveitu.

Héraðsmót í starfsíþróttum á Fjöri í Flóa

Sunnudaginn 2. júní verður haldið héraðsmót í starfsíþróttum í tengslum við sveitahátíðina Fjör í Flóa. Mótið verður haldið í Flóaskóla og hefst um hádegi. Keppt verður í þremur greinum, pönnukökubakstri, stafsetningu og að leggja á borð. Það er starfsíþróttanefnd HSK í samvinnu við Ungmennafélagið Vöku sem stendur fyrir mótinu sem jafnframt er forkeppni fyrir val í keppnislið HSK á Landsmóti UMFÍ á Selfossi í júlí.

Skráning fer fram hjá formanni starfsíþróttanefndar Fanneyju Ólafsdóttur á netfangið fanneyo@emax.is eða í síma 486-3345. Þar er jafnframt hægt að nálgast allar upplýsingar um mótahaldið og keppnisreglur fyrir fyrrnefndar greinar.

Sem allra flestir eru hvattir til að taka þátt og freista þess að komast í keppnislið HSK á landsmótinu í sumar. Nú er tækifærið.

Starfsíþróttanefnd HSK og Umf. Vaka

Samhygð eignast Evrópumeistara

Dagana 25.-27. apríl 2013 var haldið Evrópumeistaramót í keltneskum fangbrögðum í íþróttahúsi Ármanns í Reykjavík. Það var Glímusamband Íslands sem stóð fyrir mótinu undir forystu formanns GLÍ, Ólafs Odds Sigurðssonar á Selfossi. Á mótinu var aðallega keppt í skoska fanginu backhold og franska eða öllu heldur bretónska fanginu gouden. Þarna voru keppendur frá 10 þjóðum og margar þeirra tefldu fram landsliðum til keppni í öllum þyngdarflokkum. Í karlaflokki var keppt í sjö þyngdarflokkum frá -62 kg upp í +100 kg og í kvennaflokki voru sex þyngdarflokkar allt frá -50 kg upp í -90 kg. Ekki tókst að manna tvo þyngdarflokka kvenna og einn hjá körlum í íslenska landsliðinu. Samt sem áður náði liðið fjórða sæti í heildina sem var prýðilegur árangur því erlendu keppendurnir voru þrautþjálfaðir og sumir þeirra atvinnumenn.

Gouden er flókin íþrótt og varla nema fyrir heimamenn að botna í henni. Keppendur eigast við í sérstökum fangstökkum sem ná rétt niður fyrir mitti og aðeins má taka á stökkunum með höndum en svo eru alls konar vafningskrókar vinsælir. Þar fást stig fyrir að leggja menn á bakið eftir kúnstarinnar reglum og mörgum Íslendingum fannst dómarnir lítt gjafmildir á stigin. Lota er fimm mínútur og svo er framlengt í tvær ef ekki fást úrslit og stundum endað á dómaraúrskurði. Það gefur því auga leið að mikil orka fer í að kljást í gouden.

Backhold er miklu einfaldara. Þar taka menn höndum saman krumlutaki fyrir aftan bak andstæðingsins og svo er bara að snúa hann niður með átaki og fótbrögðum. Sá sem fyrr snertir gólf með öðru en iljum hefur tapað og þrjár unnar lotur þýðir fullnaðarsigur. Svo var líka keppt í glímu og þar vegnaði íslensku keppendunum að sjálfsögðu best. Það var þó engan veginn hægt að bóka sigur í glímunni gegn hinum harðsnúnu útlendingum.

Þarna kepptu tvær vaskar glímukonur úr Flóanum, Guðrún Inga Helgadóttir Vöku og Samhygðarkonan Marín Laufey Davíðsdóttir. Guðrún keppti í -56 kg flokki og stóð sig vel gegn andstæðingum frá Skotlandi, Frakklandi og Spáni. Hún var yngst allra keppenda, nýorðin 16 ára, en það var lágmarksaldur til að mega taka þátt í mótinu. Guðrún náði fjórða sæti í backhold, varð þriðja í gouden og önnur í glímunni. Hún sýndi mikið og gott keppnissskap og bar enga virðingu fyrir miklu reyndari andstæðingum sem voru sumir allt að helmingi eldri en hún. Sannarlega mikil keppniskona.

Marín Laufey keppti við afar sterkar keppniskonur frá Skotlandi og Frakklandi og stóð sig frábærlega. Hún komst í úrslit í öllum þremur greinum og varð í öðru sæti bæði í gouden og backhold eftir mikla baráttu. En hún gerði sér lítið fyrir og vann glímuna og lagði andstæðinga sína á glæsilegum hábrögðum. Hún er líka glímudrottning Íslands svo þarna lá við þjóðarsómi ef svo má segja.

Árið 1997 varð Unnur Stefánsdóttir frá Vorsabæ Evrópumeistari öldunga þegar hún sigraði í 800 metra hlaupi en þarna eignaðist Samhygð annan Evrópumeistara þegar Marín Laufey sigraði í glímunni. Frammistaða glímustúlkanna úr Flóanum vakti athygli og þær voru félögum sínum til mikils sóma. Það var gaman að vera Flóamaður og fylgjast með velgengni þeirra á mótinu. Mikil samstaða ríkti meðal íslensku keppendanna og fjölmargir áhorfendur klöppuðu þeim lof í lófa fyrir góða frammistöðu.

Með glímukveðju
Jón M. Ívarsson.

Reiðnámskeið Sleipnis

Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2013 verða haldin að Vallartröð 4 á Selfossi. Umsjónarmenn eru Brynjar Jón Stefánsson og Rannveig Árnadóttir eins og undanfarinn 8 ár.

Skráning er hafin og fer fram í síma 696-1752 (Ranna).

Börnin læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun og ásetu. Farið verður í útreiðartúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Innifalið í verði er aðgangur að hesti, reiðtygjum og hjálmi.

Námskeið fyrir 6-8 ára verða 3-7 júní, 22-26 júlí og 29 júlí -2 ágúst og kosta 10.000.-(5dagar)

Námskeið fyrir 9 ára og eldri verða 10-21 júní og 6-16 ágúst (9dagar) og kosta 20.000.-

Námskeið fyrir 9 ára og eldri verða 8-19 júlí og 22 júlí- 2 ágúst (10dagar) og kosta 22.000.-

6-8 ára mæta kl.13.00- 14.00 eða 14.30-15.30. Klukkutími í senn.
9 ára og eldri mæta 10.00-11.30 eða 13.30-15.00.- Einn og hálfur klukkutími í senn.

Þakklæti

Takk fyrir allar góðar kveðjur og gjafir sem ég fékk í tilefni fermingjadagsins míns sem var þann 1. apríl sl.

Bestu kveðjur Sunna á Skeggjastöðum.

Frá Samhygð:

Bikarglíma Samhygðar

Bikarglíma Samhygðar fór fram í Félagslundum 22. apríl. Glímt var í þremur flokkum barna og unglunga. Keppni í eldri flokki stúlkna hefur ekki enn farið fram vegna veikinda. Keppendur mótsins voru þeir sem hafa stundað æfingar í vetur og voru margir þeirra að þreyja frumraun sína í glímukeppni. Stefán Geirsson sá um dómgæslu og tímavörslu en Guðrún Inga Helgadóttir ritaði leikskýrslu. Úrslit urðu eftirfarandi:

Blandaður flokkur yngri krakka

Sigurjón Reynisson	3 vinningar
Viðar Hrafn Victorsson	2 v.
Melkorka Álfðís Hjartardóttir	1 v.
Helgi Reynisson	0 v.

Yngri flokkur stráka

Victor Örn Victorsson	2 v.
Unnsteinn Reynisson	1 v.
Ágúst Þorsteinsson	0 v.

Bikarglíma stráka

Þorgils Kári Sigurðsson	2 v.
Jón Gunnþór Þorsteinsson	0 v.

Íþróttaskóli fyrir leikskólabörn í Félagslundum

Nú í maí verður íþróttaskóla barna fæddum á árunum 2007-2011 (2-6 ára) haldið áfram í Félagslundum. Tímarnir verða á laugardögum kl 10:30 til 11:30 í Félagslundum 4. maí, 18. maí og 25. maí.

Tímarnir fara að mestu þannig fram að til að byrja með hlaupa krakkarnir stutta spretti í samræmi við aldur og svo fara þau í gegnum eins konar þrautabraut sem búið verður að koma upp í salnum. Tímarnir enda svo á léttum og rólegum teygjuæfingum. Foreldrar/forráðamenn koma til með að fylgja sínum börnum í gegnum allar þrautir þeim til gagn og gamans. Katrín Ástráðsdóttir hefur umsjón með æfingunum. Allir velkomnir.

Fermingarmessa

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju á Hvítasunnudag 19. maí kl. 14:00. Prestur er Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir. Fermdur verður Þórarinn Guðni Helgason Laufhóli.

Flóahlaup Samhygðar

Flóahlaupið fór fram laugardaginn 13. apríl. Alls hlupu 87 manns, 58 hlupu 10 km 22 5 km en sjö fóru 3 km. Helstu úrslit voru þau að Ólympíufarinn Kári Steinn Karlsson kom langfyrstur í mark í 10 km hlaupinu á 32:30 mínútum. Fyrst kvenna var Eva Margrét Einarsdóttir á 41:04 mín. Heildarúrslit hlaupsins má nálgast á www.hlaup.is. Kaffi og verðlaunaafhending fór fram í Félagslundi að hlaupi loknu. Öllum sem lögðu á hönd á plóg við framkvæmdina er sérstaklega þakkað sitt framlag. Eins er þeim þakkað sem styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti.

Eftirtaldir gáfu verðlaun:

VÍS

Fossdekk

Lögmenn Suðurland

Flóahreppur

TM

Eftirtaldir styrktu hlaupið:

Sólning

Jötunn Vélar

AB skálinn

Eftirtaldir gáfu vörur:

MS – Selfossi

HP flatkökur

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja

Nýsmíði, viðhald, breytingar

Erum með traktors- og beltagröfu

Kríutangi ehf.

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S: 8934933

85 ára afmæli Sambands sunnlenskra kvenna

Í tilefni af afmælisárinu 2013 ætla konur í öllum 26 kvenfélögum á sambandssvæðinu að ganga saman og þrjóna um leið. Markmiðið er að minnst stofnunar SSK, ásamt því að hugsa til formæðranna sem gengu í árdaga þrjónandi um grundir og móa.

Hugmyndin er að hvert kvenfélag safni áheimum og myndi gönguhópa sem sameinast í að ganga a.m.k. 85 km í nokkrum lotum og þrjóna búta í leiðinni. Þessir bútar eiga síðan að mynda táknrænt veggteppi "Frá fjalli til fjöru-fjöru til fjalls austan og vestan Þjórsár".

Stofnunar SSK verður minnst við Þjórsártún 23. júní n.k. og þá er ætlunin að safna saman þrjónabútunum. Þeir verða síðan saumaðir saman í fyrrgreint veggteppi.

Í tengslum við þetta verkefni finnst kvenfélögum skynsamlegt að láta einnig gott af sér leiða. Ákveðið hefur verið að safna peningum sem renna munu til tækjakaupa fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hægt verður að heita:

- a) 100 kr fyrir hvern km sem félagskonur ganga (t.d. 85km x 100 kr = 8.500,-)
- b) 10 kr á hvern búa í teppinu (í heildina verður teppið 1200 bútar = 12.000,- kr)
- c) greiða ákveðna upphæð að lágmarki 1.000,- kr eða frjálst framlag.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps hafa stofnað sameiginlegan reikning til söfnunar áheita og leitum nú til ykkar sveitunar góðir hvort þið viljið ekki heita á okkur og styrkja um leið tækjakaup til HSU.

Hvert kvenfélag skipuleggur sína göngu og munum við ganga a.m.k. 85 km (hvert félag). Skipaðir hafa verið göngustjórar sem skipuleggja og halda utan um vegalengdir og fjölda kvenna sem taka þátt.

Áheit má leggja inn á sameiginlegan reikning okkar sem er í vörslu/eigu Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps, bankanr: 0152-05-260223, kt: 471077-0119. Einnig má hafa beint samband við formenn félaganna til að leggja þessu góða málefni lið en það eru:

Margrét Jónsdóttir, Syðra-Velli s: 486 3377 /846 9287.

Ingibjörg Einarsdóttir, Langsstöðum s: 482 1035 /691 7082.

Sólveig Þórðardóttir, Skúfslæk 2, s: 482 2553/869 6534.

Pistillinn

Jæja nú verður ekki hjá því komist að tylla sér á botninn og hripa nokkur orð á blað í Áveituna og vil ég byrja á því að þakka honum Tómasi Karli Guðsteinssyni fyrir áskorunina.

Ég held ég verði nú að byrja á því að kynna mig fyrir ykkur kærur Flóamenn og konur. Örvar Rafn Hlíðdal heiti ég og er fæddur og uppallinn á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra. Ég er trúlofaður Unni Bjarkadóttur frá Mjósýndi og kann ég því mjög vel enda frábær kona sem á samheldna og yndislega fjölskyldu.

Fyrir þá sem eru yfir sextugt og yfirleitt forvitnir að vita hverra manna maður er þá heitir faðir minn Örn Þór Hlíðdal og er frá Seljalandi undir Eyjafjöllum og móðir mín er Barbára Hlíðdal Jónsdóttir frá Hvítanesi í Vestur-Landeyjum. Ég er langsiðastur í röð fjögurra systkina og hef ég notið góðs af því í gegnum tíðina.

Mín áhugamál snúast að mestu í kringum ferðalög og íþróttir og lauk ég B.S. prófi í íþróttfræði hjá Háskóla Íslands veturinn 2012 og vinn hjá Flóaskóla sem stuðningsfulltrúi, leiðbeinandi og íþróttakennari yngsta stigs ásamt því að vera forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zone í Flóahreppi.

Ég og Unnur ferðumst talsvert og reynum eftir bestu getu að nýta íslenska sumarið í að draga tjaldvagninn okkar víðsvegar um landið. Utanlandsferðir heilla okkur einnig og fórum við árið 2006 í sex vikna ferð til New York. Við skráðum okkur í nám rétt fyrir utan Manhattan og átti sú ferð eftir að reynast okkur sú skrátnasta en jafnframt sú allra skemmtilegasta ferð sem við höfum farið í. Ég ætla að deila með ykkur fyrstu viku ferðarinnar en það sem gerðist á þessari viku hefði auðveldlega mátt dreifa á einn mánuð eða svo.

5. ágúst 2005

Ég sá mér leik á borði daginn fyrir ferðalagið mikla og ætlaði mér að vaka um nóttina til þess að geta sofði af mér þessa 6 tíma flugferð til New York. Við ákváðum því að kíkja smá á Pakkhúsið á Selfossi og taka nokkur spor en það gekk ekki betur en svo að mér tókst á einhvern óskiljanlegan hátt að togná í baki við einn af mínum glæsilegu snúningum á dansgöfinu þannig að flugferðin var ekki eins góð og ég ætlaði mér þar sem að ég átti mjög eftir með að sitja, var með hausverk og almenn leiðindi í líkamanum.

Þegar við komum til New York tókum við einhvern sjóræningjataxa til Terrytown sem er rétt fyrir utan Manhattan. Við fórum með farangurinn okkar inn í skólann en þar áttum við að fá herbergi á vistinni til að vera í næstu 6 vikurnar. Þegar við check-uðum okkur inn komumst við að því að við vorum ekki saman í herbergi en þá varð einhver misskilningur á milli ferðaskrifstofunnar okkar og skólans úti. Það var ekki fræðilegur möguleiki að

við mættum vera saman í herbergi því við vorum ekki gift, ég átti því að vera næstu 6 vikurnar í herbergi með tveim drengjum frá Suður-Kóreu og Unnur var í svipuðum málum nema með sama kyni. Við gátum ekki sætt okkur við þetta og tókum okkur hótél fyrstu nóttina í Terrytown, en það var hægara sagt en gert að finna herbergi, eftir að hafa heimsótt þrjú hótél fengum við loks eitt herbergi í eina nótt. Við gátum því miður ekki séð það fyrir okkur að vera í sitthvoru herberginu í fjarlægum landi í 6 vikur og því ætluðum við að taka til okkar ráða og finna okkur hótél á Manhattan og hringja svo í ferðaskrifstofuna og kvarta yfir þessum misskilningi þeirra eftir helgina. En þar sem þetta var Verslunarmannhelgi opnaði ferðaskrifstofan ekki fyrir en á þriðjudeginum og urðum við því að þrauka í 4-5 daga.

Daginn eftir drösluðumst við því til Manhattan með ferðatöskurnar og ekki gerði hitabylgjan okkur lífið auðveldara á þessum tíma. Eftir heilmikla leit fundum við laust herbergi en það losnaði ekki fyrir en kl. 20:00. Við fengum að geyma farangurinn okkar í geymslu hjá þeim og reyndum við því að nýta daginn í að skoða okkur um í þessari stórkostlegu borg.

Þegar við mættum loks tilbaka komumst við að því að það varð einhver misskilningur hjá hótelinu og voru þau búin að tvíbóka herbergið og að sjálfsögðu aðrir komnir í það og ekkert annað herbergi laust. Þetta var einhvern veginn ekki það sem ég vildi heyra á þessari stundu og sá ég fyrir mér andvöku nótt í tveggja manna sorptunnu á 5. avenue. Í miðjum sorptunnu hugsunum kemur hótelsstjórinn til okkar og reynir að róa okkur aðeins niður. Hann bauð okkur hótelsstjórassvítuna á efstu hæð með svalir sem leiddi uppá þak með útsýni yfir Manhattan. Þetta kostaði okkur ekki neitt og urðum við því að sætta okkur við þetta, loksins gekk eitthvað upp. ;)

Daginn eftir urðum við að finna okkur annað hótél og sem námsmenn leituðum við eftir því að finna ódýrt hótél í þetta skitpið. Við fundum eitt „álítlegt“ hótél í New Jersey og fórum við því í heljar ferðalag með ferðatöskurnar okkar út í hitabylgjuna og vorum komin seinnipart dags á hótelið. Við komum okkur fyrir og um kvöldið fórum við út að leita okkur að matarbita. Á leið okkar frá hótelinu gengum við framhjá blómakrönsum og stórrí mynd að ungri stúlku sem lá á gangstéttinni við vegg hótelsins. Við lásúm grein sem var á einum kransinum og þar stóð að þessari stúlku hafi verði nauðgað og myrt á hótelinu fyrir 2 dögum og hent niður af fjórðu hæð. Við stóðum fyrir framan myndina af stúlkunni og litum í kringum okkur og áttuðum okkur á því að þetta var kannski ekki alveg hverfið sem saklausir sveitakrakkar áttu að vera að þvælast í. Við fórum beint inná hótél og fórum að sjálfsögðu að ímynda okkur hluti sem enda ekki fallega! Þessa nótt sváfum við kappklædd og tókum ekkert uppúr ferðatöskunum.

Daginn eftir þessa lítt skemmtilegu nótt ákváðum við að fara aftur til

Terrytown á hótelið sem við vorum á fyrstu nóttina okkar. Nóttin var dýr á þessu hóteli en við létum okkur hafa það í þetta skiptið. Á þriðjudeginum hringdum við á ferðaskrifstofuna okkar og upplýstum dömurnar þar hver staðan væri. Eftir miklar og erfiðar samningaviðræður ákvað ferðaskrifstofan að borga undir okkur 5 vikur á 4 stjórn hóteli með sundlaug, íþróttasal, videoleigu og með fríum morgunverði. Svo á hverjum morgni kom myndarleg eldri kona og þreif allt hjá okkur ;) Þessar 5 vikur sem eftir lifðu af ferðalagi okkar voru frábærar enda leið manni eins og kóngi í fimm vikur.

Undir lokin vil ég þakka þessum 5% sem nenntu að lesa þessa langloku og óska ykkur gleðilegs sumars. Ég ætla að skora á Iðunni Ýr Ásgeirsdóttir nágretta minn í Forsæti 1 til þess að skrifa næsta pistil ;)

Örvar Rafn Hlíðdal

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Elfa í Rimum 6, verður með opið hús miðvikudaginn 8. maí frá kl. 20.30.

Munum efri að taka með okkur góðgæti á borðið. Mætum nú vel og eigum góða kvöldstund saman.

Gæludýr og sölubásar á Fjöri í Flóa

Gæludýr:

Undirbúningsnefndin auglýsir eftir smádýrum til að hafa til sýnis á Fjör í Flóa, kettlinga, hvolpa, hænuunga, kanínur og hvað eina sem ykkur dettur í hug. Ef þið eruð svo elskuleg að vilja lána smádýrin ykkar til sýnis hafi þá samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

Sölubásar

Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga, þó nokkrir eru þegar búnir að hafa samband en það er pláss fyrir fleiri.

Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband við neðangreinda aðila sem fyrst.

Annýju Ingimarsdóttur - sími 486-3487/861-8368 anny@isart.is

Ingibjörgu Einarsdóttur - sími 691-7082 langsstadir@simnet.is

Fjör í Flóa 31. maí-2. júní 2013

Nú fer að stytast í þessa flottu menningarhátíð hér í sveit. Dagskráin er nánast tilbúin m.a. verður: Gönguferð að Saurbæ, morgunmatur í Þingborg, opin hús á nokkrum stöðum í Flóanum, barnamessa í Hraungerðiskirkju, barnadagskrá (Tröllasaga) í Félagslundi, kókubasar, kaffihlaðborð í Þjórsárveri, tombóla á vegum kvenfélaganna. Sölubásar með ýmsum vörum verða í Félagsundi. Boðið verður upp á andlitsmálun. Dýr verða á staðnum bæði stór og smá. Ýmsar sýningar t.d. málverk, leiktjöld og skúlptúrar. Kvöldvaka verður á laugardagskvöldinu, ýmislegt verður þar á dagskrá. Starfsípróttakeppni á vegum HSK verður á sunnudeginum í Flóaskóla þar verður keppt í stafsetningu, pönnukökubakstri og að leggja á borð. Þá munu Kárius og Baktus láta sjá sig. Nánari dagskrá kemur í vikublaðinu Dagskránni 23. maí nk.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna

Dagskrá mánaðarins

Ípróttaskóli í Félagslundi	4. maí
Æfing eldri í Þingborg	7. maí
Opíð hús Kvenfélag Villingaholtshrepps	8. maí
Dómaranámskeið í frjálsum	10.-11. maí
Æfing eldri við Þjórsárver	14. maí
Ípróttaskóli í Félagslundi	18. maí
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	19. maí
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	20. maí
Æfing eldri	21. maí
Hreinsunarátak hefst	21. maí
Ípróttaskóli í Félagslundi	25. maí
Æfing eldri	28. maí
Skólaslit Flóaskóla	31. maí
Fjör í Flóa	31. maí-2. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160